

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbréf eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. ágúst 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir kirkjumiðstöð við Vestmannsvatn í Aðaldal,
Suður-Þingeyjarsýslu.**

1. gr.

Stofnunin heitir Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn. Hún er sjálfseignarstofnun og rekur á eigin ábyrgð kirkjumiðstöð fyrir ýmsa starfsemi á vegum þjóðkirkjunnar svo sem sumarbúðir ungmenna, mót, námskeið og orlofsdvalir. Stofnunin yfirtekur og eignast eignir ÆSK við Vestmannsvatn samkvæmt meðfylgjandi gjafaafsali. Eignir þessar eru afhentar skuldlausar og án allra kvaða. Stofnfé stofnunarinnar er það húsnæði sem eigninni fylgir.

2. gr.

Starfsemi kirkjumiðstöðvarinnar miðar að eflingu kirkjulegs starfs og aukinni samvinnu safnaðanna, þannig að þeir fái betur rækt hlutverk sitt við boðun fagnaðarerindisins og þjónustu við samfélagið. Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því að starfrækja kirkjumiðstöð.

3. gr.

Tekjur kirkjumiðstöðvarinnar eru framlög einstaklinga, héraðssjóða, félaga og stofnana og hugsanlegar tekjur af eigin rekstri og útgáfustarfsemi.

4. gr.

Í stjórn stofnunarinnar eru kjörnir sjö menn. Héraðsfundur Þingeyjarprófastsdæmis, héraðsfundur Eyjafjarðarprófastsdæmis, héraðsfundur Skagafjarðarprófastsdæmis, héraðs-

fundur Húnavatnsprófastsdæmis, aðalfundur Prestafélags Hólastiftis og Kirkjuráð tilnefna hver einn mann í stjórn og einn til vara. Aðalfundur ÆSK tilnefnir einn mann í stjórn og tvo til vara. Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður, gjaldkeri og ritari mynda framkvæmdastjórn sem sér um daglegan rekstur stofnunarinnar.

5. gr.

Fulltrúaráð fer með æðsta vald í öllum málum stofnunarinnar. Fulltrúaráðið er skipað 15 mönnum. Þar sitja stjórnarmenn og varamenn í stjórn. Fulltrúaráðið heldur aðalfund árlega, þar sem reikningar eru samþykktir sem og rekstrar- og framkvæmdaáætlun fyrir stofnunina.

6. gr.

Aldursforseti kallar nýskipaða stjórn saman til fyrsta fundar. Stjórnin annast rekstur Kirkjumiðstöðvarinnar. Hún skilar árlega starfsskýrslu ásamt endurskoðuðum reikningum til þeirra aðila sem kjósa í stjórnina. Stjórnarfundi er skylt að halda ef meirihluti stjórnarinnar æskir þess.

7. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og skulu reikningarnir endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi félagsins og tveir til vara. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á sjóðsvörslu eða framkvæmdastjóri ef ráðinn verður.

8. gr.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður, skal aðalfundur ráðstafa eignunum. Þá skal þess gætt að andvirði eignanna renni til kirkjulegs starfs á Norðurlandi.

9. gr.

Stjórnin skal halda gjörðarbók þar sem allar ákvarðanir hennar eru færðar svo og framlög aðila.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi og með staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júlí 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.